



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; gistiheimili (Snorris Guesthouse) að Snorrabraut 61,
F2011936, rými 01 0101, 01 0201.

Nafn leyfishafa: Snorris Guesthouse ehf.

Heimilisfang: Hraunás 9, 210 Garðabær

Kennitala: 520422-1370

Gildir frá: 16. janúar 2026

Gildir til: 16. janúar 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfissskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfissskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 16. janúar 2026





Greinargerð með starfsleyfi fyrir gistiheimilið Snorris Guesthouse að Snorrabraut 61.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund gistiheimili, Snorris Guesthouse að Snorrabraut 61 þann 18. desember 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Rekstrarleyfisumsókn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 15. janúar 2026. Umsækjandi um starfsleyfi er Snorris Guesthouse ehf., kt. 520422-1370.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar gistiheimilis að Snorrabraut 61.

Umsókn Snorris Guesthouse ehf., kt. 520422-1370, dags. 31. júlí 2022, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1887. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 16. janúar 2026, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Snorris Guesthouse) að Snorrabraut 61, F2011936, rými 01 0101 og 01 0201. Eigendaskipti. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

Dags. 20.01.2026

Aron Jóhannsson